



Félagsráðgjafafélag Íslands
The Icelandic Association of Social Workers

SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsárið 2025-2026

Steinunn Bergmann, formaður
Valgerður Halldórsdóttir, varaformaður
Kristín Þórðardóttir, gjaldkeri
Hafdís Gerður Gísladóttir, ritari
Ásta Kristín Benediktsdóttir, meðstjórnandi
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, meðstjórnandi
Sigrún Ósk Björgvinsdóttir, meðstjórnandi

Efnisyfirlit

<i>Fjöldi félagsfólks 2025</i>	3
<i>Starfsfólk Félagráðgjafafélags Íslands 2025</i>	3
<i>Áherslur stjórnar 2025-2026</i>	3
<i>Starf fagdeilda og landshlutadeilda FÍ starfsárið 2025-2026</i>	4
<i>Starf nefnda FÍ starfsárið 2025-2026</i>	4
<i>Starf aðgerðahóps FÍ starfsárið 2025-2026</i>	4
2. Fundir og móttökur	4
<i>Fundir stjórnar</i>	4
<i>Aðalfundur Félagráðgjafafélags Íslands 2025</i>	4
<i>Móttaka félagsráðgjafanema og samstarf við Félagráðgjafardeild HÍ</i>	5
<i>Boð fyrir félagsráðgjafa á eftirlaunum</i>	5
3. Kjara- og vinnumarkaðsmál	5
<i>Kjaraviðræður</i>	5
<i>Starfsmat og stofnanasamningar</i>	5
<i>Vinnumarkaðsmál</i>	5
4. Tímarit félagsráðgjafa	6
5. Fagpólitíkin	6
<i>Umsagnir um þingmál og frumvörp</i>	6
<i>Ályktanir og greinar</i>	7
<i>Fundir með ráðherrum, fulltrúum ráðuneyta og stjórnendum í velferðarþjónustu</i>	8
6. Erlent samstarf	8
<i>NSSK (Nordisk socionomers samarbets kommité)</i>	8
<i>IFSW (International Federation of Social Workers) og IFSW Europe</i>	8
7. Fræðsla og ráðstefnur	8
<i>Félagráðgjafaþing 2025</i>	8
<i>Málþing og morgunverðarfundir</i>	9
<i>Málstofur og aðrir viðburðir</i>	10
<i>Þátttaka formanns og framkvæmdastjóra FÍ á ýmsum viðburðum</i>	10
<i>Samstarf við Endurmenntun HÍ</i>	11
8. Stefnumótun og vinnumhverfi	11
<i>Stefnumótunardagur FÍ</i>	12
<i>Vinnusmiðja um vinnumhverfi</i>	12
9. Tillögur og áætlanir um störf félagsins 2026-2027	12

1. Almennt um Félagsráðgjafafélag Íslands

Fjöldi félagsfólks 2025

Félagsfólki fjölgar stöðugt en alls voru 702 á póstlista Félagsráðgjafafélags Íslands við lok árs 2025. Þar af voru 619 með stéttarfélagsaðild, 30 með fagaðild og aðrir með lífeyrisaðild eða nemaaðild. Konur eru um 95% félagsfólks.

Starfsfólk Félagsráðgjafafélags Íslands 2025

Steinunn Bergmann formaður í 100% starfi og María Björk Ingvadóttir framkvæmdastjóri í 100% starfi.

Áherslur stjórnar 2025-2026

Starfsemi félagsins er í Borgartúni 27 en áhersla er einnig á rafrænar lausnir. Það á við um stjórnarfundum, viðræður vegna stofnanasamninga og annarra kjaramála, fundi með félagsfólki, og fræðslu. Rafrænar lausnir eru einnig nýttar í samstarfi við BHM, önnur aðildarfélög, Félagsráðgjafardeild HÍ og aðra. Skýrsla stjórnar gefur yfirlit yfir störf félagsins en hér eru helstu verkefni dregin fram:

Stéttarfélagið. Kjarasamningar voru undirritaðir í lok árs 2024 og byrjun 2025 og gilda til 31. mars 2028. Unnið hefur verið að útfærslu bókana með kjarasamningum, meðal annars vegna starfsumhverfis félagsráðgjafa sem miða að því að skilgreina og þróa viðmiðunarmörk fyrir umfang í störfum félagsráðgjafa til að tryggja gæði þjónustunnar. Þá er unnið að endurskoðun stofnanasamninga og starfsmats.

Stefnumótun. Stjórn boðaði til stefnumótunardags 11. september 2025 þar sem rætt var um framtíð stéttarinnar og áherslumál. Niðurstöðurnar gefa stjórn mikilvæg leiðarljós sem nýttast við starfsáætlun næstu ára sjá nánar umfjöllun á bls. 12.

Sýnileiki félagsráðgjafar. Áhersla á umsagnir um þingmál og frumvörp auka sýnileika félagsráðgjafar auk funda með ráðherrum og stjórnendum í velferðarþjónustu. Félagið hefur einnig tekið þátt í verkefnum á vegum annarra aðila. Viðburðir á vegum félagsins auka sýnileika stéttarinnar þar sem leitast er við að vekja athygli fjölmiðla. Nánar er fjallað um viðburði á vegum félagsins á bls. 9-11.

Félagsráðgjafaping. Félagsráðgjafaping 2026 var haldið 20. febrúar 2026 og sem fyrr í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Tengslamiðuð félagsráðgjöf og stafræn vegferð*, sjá nánar umfjöllun um þingið á bls. 9.

Alþjóðadagur félagsráðgjafar. Í tilefni af Alþjóðadegi félagsráðgjafar 17. mars 2026 var vinnusmiðja þar sem fjallað var um vinnuumhverfi félagsráðgjafa auk þess sem formaður FÍ birti grein á visir.is. Þema Alþjóðadagsins í ár er *Að byggja saman von og sátt: Harambee-ákall til að sameina klofið þjóðfélag*. Nánar er fjallað um niðurstöður vinnusmiðjunnar á bls. 12.

Efling starfs fagdeilda og aukin áhersla á fræðslu á vegum FÍ. Stjórn fundaði með fagdeildum í nóvember 2025 þar sem farið var yfir starfsemi fagdeildanna og fræðsluáætlun FÍ. Á Félagsráðgjafapingi 2026 voru umræðustofur fagdeilda til að kynna störf þeirra, einnig er leitað til fagdeilda vegna fræðsluviðburða, umsagna og fleira.

FÍ hefur stutt við innleiðingu Signs of Safety innan barnaverndar í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands til að efla félagsráðgjöf innan barnaverndar. Formaður FÍ er í stýrihópi vegna verkefnisins, ásamt fulltrúum ofangreindra stofnana, og fylgist með innleiðingu þess sem

hófst árið 2025. Verkefnið er í samræmi við framkvæmdaráætlun ríkisins á sviði barnaverndar til ársins 2026.

Starf fagdeilda og landshlutadeilda FÍ starfsárið 2025-2026

Innan félagsins starfa 12 fagdeildirnar sem eru mjög mikilvægar í öllu starfi félagsins. Lögð er áhersla á að fagdeildir standi árlega fyrir fræðsluviðburði/um og haldi erindi á Félagsráðgjafafélagi. Einnig eru fagdeildirnar flestar með lokaðan Facebook hóp til að halda utan um starf sinnar deildar, kynna viðfangsefni hennar fyrir félagsfólki og efla umræðu á viðkomandi málsviði. Fagdeildir geta fengið aðstoð frá skrifstofu við að undirbúa fræðslufundi og sækja um styrk til Starfsþróunarseturs vegna þeirra.

Fagdeildirnar voru allar með umræðustofu á Félagsráðgjafafélagi. Ein fagdeild var með viðburð í nóvember í samstarfi við félagið, ein kom að undirbúningi aðventufundar og nokkrar komu að undirbúningi vinnusmiðju á Alþjóðadegi félagsráðgjafar 2026. Sjá nánar umfjöllun um málþing og morgunverðarfundi á bls. 9-11 og vinnusmiðju á bls. 12.

Kosið var nýtt fagráð á opnum fundi fagdeildar í félagsþjónustu 4. júní 2025 og fagdeildar í fjölmenningu 22. ágúst 2025.

Nokkrar fagdeildir hafa komið að gerð ályktana og umsagna á vegum félagsins auk eftirfylgni með þeim, svo sem með þátttöku á fundum og fjölmiðlaumfjöllun.

Landshlutadeildirnar eru fimm; Suðurland, Norðurland, Austurland, Vesturland og Suðurnes.

Starf nefnda FÍ starfsárið 2025-2026

Innan Félagsráðgjafafélags Íslands starfa tvær fastanefndir, siðanefnd og vísindanefnd. Siðanefnd stóð að könnun á ofbeldi meðal félagsráðgjafa sem kynnt var á Félagsráðgjafafélagi 2026. Verkefni Vísindanefndar fólust í umsýslu með umsóknir og úthlutun styrkja úr B-hluta sjóðsins auk greiðslu A-hluta í samstarfi við skrifstofu félagsins. Veittir voru þrjú styrkir úr B-hluta Vísindasjóðs. Í skýrslum nefndanna má sjá yfirlit yfir störf þeirra á starfsárinu.

Starf aðgerðahóps FÍ starfsárið 2025-2026

Aðgerðahópur var skipaður árið 2022 í samræmi við ákvörðun aðalfundar það ár en hópurinn hefur meðal annars það hlutverk að hvetja félagsráðgjafa til þess að láta til sín taka í samfélagsmálum. FÍ leitaði til aðgerðahópsins vegna undirbúnings Alþjóðabaráttudags kvenna 8. mars og tók félagið þátt í viðburði Menningar og friðarsamtakana MFÍK líkt og fyrri ár.

2. Fundir og móttökur

Fundir stjórnar

Stjórn fundar að jafnaði mánaðarlega á miðvikudögum, tvo tíma í senn. Einnig hefur stjórn samskipti í gegnum síma og tölvupóst varðandi einstaka málefni. Haldnir voru tíu stjórnarfundir á þessu starfsári sem voru almennt í húsnæði FÍ og rafrænir en í sumum tilvikum einungis rafrænir. Stjórn fundaði 12. júní 2025 til að undirbúa stefnumótunardag félagsins sem haldinn var 11. september 2025. Starfsdagur stjórnar var haldinn 8. desember 2025 í húsnæði félagsins að Borgartúni 27.

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands 2025

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands var haldinn 29. apríl 2024 í Borgartúni 27 og í fjarfundi. Alls tóku 19 félagsráðgjafar þátt í fundinum, 15 voru mættir á staðinn og fjórir í fjarfundi. Á

fundinum voru skýrslur stjórnar og nefnda lagðar fram, ársreikningar félagsins kynntir auk fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar. Lagt var til óbreytt stéttarfélagsgjald 1,0% og fagfélagsgjald kr. 16.000,- á ári, sem var samþykkt. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum. Kosið var í þrjár stöður í stjórn félagsins og þar sem jafnmörg framboð bárust var sjálfkjörið í allar stöður.

Móttaka félagsráðgjafanema og samstarf við Félagráðgjafardeild HÍ

Félagráðgjafafélag Íslands leggur áherslu á tengsl við nemendur í félagráðgjöf og á starfsárinu komu formaður og framkvæmdastjóri inn í kennslu félagsráðgjafanema sem eru að útskrifast til að kynna félagið og starfsemi þess í maí og fyrsta árs nema í ágúst. Hefur það gefið góða raun og skila flestir nýútskrifaðir félagsráðgjafar sér inn í félagið að útskrift lokinni.

Árlega býður Félagráðgjafafélag Íslands útskriftarnemum úr Félagráðgjafardeild Háskóla Íslands (HÍ) í móttöku þar sem þeir undirrita meðal annars eiðstaf félagsráðgjafa. Móttakan var haldin 11. júní 2025 í Borgartúni 27 þar sem stór hluti nema mættu ásamt kennurum deildar, starfsþjálfunarkennurum auk stjórnar FÍ og tókst afar vel.

Félagráðgjafafélag og fleiri fræðslufundir eru unnir í samstarfi félags og deildar auk þess sem starfsfólk FÍ og deildarforseti Félagráðgjafardeildar HÍ funda reglulega.

Boð fyrir félagsráðgjafa á eftirlaunum

Félagið hélt boð fyrir félagsráðgjafa sem eru komnir á eftirlaun 9. desember 2025. Alls mættu 32 félagsráðgjafar sem kunnu vel að meta tækifærið til að hitta félagana og efla tengsl við félagið.

3. Kjara- og vinnumarkaðsmál

Kjaraviðræður

Kjarasamningar til 31. mars 2028 voru undirritaðir við ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg í lok árs 2024 og byrjun árs 2025. Samningur við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) var felldur og nýr samningur undirritaður 9. maí 2025. Samningur við Samtök Atvinnulífsins var undirritaður 27. maí 2025 en hann er í samstarfi við önnur aðildarfélög BHM. Í aðdraganda kjarasamninga voru mánaðarlegir rafrænir fundir með trúnaðarmönnum en þeir gegna mikilvægu hlutverki sem bakhópur fyrir samninganefnd FÍ.

Starfsmat og stofnanasamningar

Starfsmat hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum er viðvarandi verkefni þar sem ný störf koma til eða eldri störf endurmetin. Vinna við endurskoðun stofnanasamninga hófst þegar niðurstaða lá fyrir úr öðrum hluta áfangasamkomulags um jöfnun launa skv. 7. gr. í samkomulagi frá árinu 2016 vegna breytinga á lífeyrisréttindum. Nýr stofnanasamningur við Landspítala var undirritaður 12. september 2025 og Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðis 23. janúar 2026. Viðræður standa yfir við Barna- og fjölskyldustofu.

Vinnumarkaðsmál

Eftirspurn eftir félagráðgjöfum eykst stöðugt og reglulega berast félaginu beiðnir um að auglýsa störf félagsráðgjafa laus til umsóknar, einnig stjórnendastörf. Hvetur stjórn félagsráðgjafa til þess að sækja um stjórnendastöður þar sem félagráðgjöf er megininntak starfs svo stéttin hverfi ekki úr stjórnun í félagsþjónustu og barnavernd. Margir nýta sér að auglýsa í gegnum félagið og eru auglýsingar sendar á póstlista félagsins og einnig birtar á Facebook síðu þess. Félagarfólk er hvatt til þess að fylgjast með atvinnuauglýsingum og koma

á framfæri við félagið svo hægt sé að deila þeim á Facebook síðu þess hafi vinnuveitandi ekki óskað eftir auglýsingu frá félaginu. Jafnframt er félagsfólk hvatt til að halda vöku yfir störfum þar sem auglýst er eftir ráðgjafa en ekki félagsráðgjafa þar sem félagsráðgjöf er meginverkefni starfs, svo félagið geti sent athugasemdir til vinnuveitandans. Talsvert er um að félagsfólk leiti til félagsins með margvísleg málefni er varðar túlkun á kjarasamningi og vinnuaðstæður auk annarra mála.

4. Tímarit félagsráðgjafa

Ritstjórn Tímarits félagsráðgjafa er skipuð tveimur ritstjórum, dr. Guðný Björk Eydal ritstjóri ritrýndra greina og Maríu Björk Ingvadóttir ritstjóri annars efnis. Herdís Björnsdóttir er einnig í ritstjórn en stjórn hefur skipað Sírý Sif Sigurlaugardóttur í ritstjórn frá 1. september 2026 í stað Chien Tai Shill sem lét af störfum í lok árs 2025. Steinunn Bergmann, formaður FÍ er ábyrgðarmaður tímaritsins. Áhersla er á að efla þátttöku félagsfólks í ritun tímaritsins með birtingu almennra greina, stuttra fréttu og greina af vettvangi félagsráðgjafar. Hefur gengið vel að fá inn efni í tímaritið eins og fyrri ár. Ákveðið var að prenta tímaritið og dreifa til félagsfólks en það kom úr prentun í byrjun júní 2025. Tímaritið er aðgengilegt á vefsíðu félagsins <https://felagsradgjof.is/timarit-felagsradgjafa/utgafa/>

5. Fagpólitíkin

Umsagnir um þingmál og frumvörp

Stjórn FÍ leggur áherslu á að skrifa umsagnir um þingmál og frumvörp til laga sem félaginu berast frá Alþingi eða ráðuneytum. Umsagnarbeiðnir berast oft með mjög litlum fyrirvara og oft á tíðum þarf að leita þekkingar út fyrir stjórn félagsins auk þess sem það er stefna stjórnar að virkja fleiri félagsráðgjafa á þessum fagpólitíska vettvangi. Leitar stjórn til fagdeilda um aðkomu að ritun umsagna og eftirfylgd þeirra á fundum málefnanefnda Alþingis ef málefnið snertir sérsvið þeirra.

Umsagnir voru ritaðar á starfsárinu um eftirtalin 18 þingmál og lagafrumvörp:

- Umsögn við fyrirhugað frumvarp til laga um málefni innflytjenda mál nr. S-123/2025.
- Umsögn við fyrirhugaða tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda mál nr. S-118/2025.
- Umsögn við drög að reglugerð um framkvæmd samþætts sérfræðimats mál nr. S-110/2025.
- Umsögn við drög að frumvarpi til laga um almannavarnir mál nr. S-114/2025.
- Umsögn við áform um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (snjalltæki). Mál nr. S-195/2025
- Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 (ýmsar breytingar). 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal x - x. mál. Stjórnarfrumvarp. Mál nr. S-187/2025.
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi. 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 50 - 50. mál
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (símar og snjalltæki). 157. Löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 295 – 232. mál. Stjórnarfrumvarp.

- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um endurskoðun leik-, grunn- og framhaldsskóla. 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 10 – 10. Mál
- Umsögn við drög að frumvarp til laga um barnavernd. Mál nr. S-224/2025
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100_2007 (eingreiðsla). 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 304 – 236. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 368 – 269. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn í samstarfi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008. 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 396 – 287. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (takmörk á beitingu nauðungar). 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 445 – 319. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar og lögum um ófrjósemisaðgerðir (ýmsar breytingar). 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 473 – 328. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við drög að stefnu í áfengis- og vímuvarnarmálum til ársins 2035 í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. S-11/2026
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningarskyldu o.fl.). 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 913 – 536. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um barnavernd. 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 982 – 580. mál. Stjórnarfrumvarp.

Í kjölfar umsagna tók félagið þátt í fjölmörgum fundum allsherjar- og menntamálanefndar og velferðarnefndar Alþingis. Auk þess óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir fundi með FÍ til að ræða eftirlit með barnaverndarstarfi. Formaður mætti á fundinn ásamt tveimur fulltrúum fagdeildar í barnavernd, sköpuðust góðar umræður og óskað eftir minnisblaði til að fylgja eftir ábendingum FÍ.

Ályktanir og greinar

Á starfsárinu sendi félagið frá sér eða tók þátt í að verkja athygli á ýmsum málum:

- Félagið tók undir yfirlýsingu fjögurra heilbrigðisstétta um mönnunarvanda Landspítala 14. fúlí 2025
- Stjórn FÍ lýsti yfir samstöðu með Palestínsku þjóðinni og formaður undirritaði áskorun ásamt fjölda formanna stéttarféлага þar sem félagsfólk var hvatt til þátttöku í samstöðufundum 6. september 2025 – Þjóð gegn þjóðarmorði.
- Formaður ritaði grein ásamt formanni Iðjubjálfafélags Íslands og formanni Proskapjálfafélags Íslands sem birtist á visir.is 19. september 2025 um skakkt virðismat á störfum kvenna og kynbundinn launamun.

- Formaður ritaði grein í tilefni af Alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október 2025 sem birtist á visir.is um að félagsráðgjafar gegna lykilhlutverki í stuðningi við einstaklinga og fjölskyldur sem glíma við geðrænar áskoranir.
- Formaður ritaði grein ásamt formönnum fjögurra annarra heilbrigðisstétta sem birtist á visir.is 24. október 2025 um virði starfsleyfis kvennastétta.
- Formaður ritaði grein sem birtist á visir.is 19. febrúar 2026 þar sem fram komu áhyggjur af vaxandi álagi á félagsráðgjafa og annað framlínufólk innan velferðarþjónustu.
- Formaður FÍ tók þátt í grein 12 formanna fag- og stéttarfélaganna í heilbrigðisþjónustu sem birtist á visir.is 18. apríl 2026 um mikilvægi þess að þau sem hafa tekið að sér hlutverk formanna, stjórnarmanna og trúnaðarmanna á vinnustöðum fyrir fag- og stéttarfélög, njóti raunverulegrar verndar.

Fundir með ráðherrum, fulltrúum ráðuneyta og stjórnendum í velferðarþjónustu

Fundað var með félags- og húsnæðismálaráðherra 14. maí 2025 þar sem rætt var um félagsráðgjöf á málavíðinu. Fundað var með heilbrigðisráðherra 10. september 2025 þar sem rætt var um sérfræðileysi, niðurgreiðslu SÍ á þjónustu félagsráðgjafa auk mönnunarvanda LSH.

Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með rektor Háskólans á Akureyri 15.9 þar sem rætt var um nám í félagsráðgjöf.

6. Erlent samstarf

NSSK (Nordisk socionomers samarbets komité)

Félagsráðgjafafélag Íslands er aðili í NSSK, norrænum samtökum félagsráðgjafafélaga. Samtökin funda tvisvar á ári, að vori og haust, en fundað var í Rovaniemi Finnlandi dagana 25. – 26. september 2025 og Helsinki Finnlandi dagana 27. – 28. febrúar 2025. Á fundunum var meðal annars rætt um vinnuumhverfi félagsráðgjafa, gervigreind og nám í félagsráðgjöf.

IFSW (International Federation of Social Workers) og IFSW Europe

Félagsráðgjafafélag Íslands er meðlimur í IFSW og IFSW Europe en samtökin skipuleggja m.a. heimsráðstefnu félagsráðgjafa, Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa og alþjóðadag félagsráðgjafa sem fagnað er þriðja þriðjudag í mars ár hvert. Í tengslum við ráðstefnurnar eru haldnir fulltrúaráðsfundir með þátttöku aðildarfélaganna.

Formaður tók þátt í fundi Evrópusamtakana í Osló dagana 3. – 5. október 2025 og rafrænum aukafundi alþjóðasamtakana 18. febrúar 2026.

Stjórn FÍ og framkvæmdastjóri tóku þátt í Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa í Osló dagana 6. – 8. október 2025.

Alþjóðasamtökin og Evrópusamtökin hafa staðið fyrir rafrænum fræðslufundum á tímabilinu.

7. Fræðsla og ráðstefnur

Félagsráðgjafafélag 2025

Félagsráðgjafafélagið var á sínum stað 20. febrúar 2026 og sem fyrr í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Tengslamiðuð félagsráðgjöf og stafræn vegferð* og var dagskráin fjölbreytt líkt og fyrri ár. Tókst þingið afar vel og voru

Þátttakendur 350. Formaður FÍ opnaði þingið og því næst tilkynnti formaður Vísindanefndar FÍ um styrkveitingar úr sjóðnum. Aðalfyrirlesari var Helle Øbo, forstjóri AskovFonden, stofnunar sem vinnur að samfélagslegum lausnum og bættri félagsþjónustu í Danmörku. Hans Rúnar Snorrason kennari og sérfræðingur hjá Kunnáttu ehf kynnti niðurstöður stefnumótunardags FÍ og framkvæmd hans. Þær Auður Ósk Guðmundsdóttir og Thelma Eyfjörð Jónsdóttir félagsráðgjafar og fulltrúar í Siðanefnd FÍ kyntu niðurstöður könnunar sem Siðanefnd FÍ vann til að varpa ljósi á ofbeldi gagnvart félagsráðgjöfum á Íslandi. Þá fjölluðu Ásta Kristín Benediktsdóttir og Herdís Björnsdóttir félagsráðgjafar og sérfræðingar hjá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu um stefnu stjórnvalda varðandi stafræn tækifæri í félagsþjónustu. Síðan tóku við pallborðsumræður þar sem þau Elísa R. Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, Gunnlaug Thorlacius yfirfélagsráðgjafi á Landspítala, Hera Ósk Einarssdóttir sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjanesbæjar, Páll Ólafsson framkvæmdastjóri Farsældarsviðs Barna- og fjölskyldustofu og Hans Rúnar Snorrason ræddu þema dagsins undir stjórn Þóru Tómasdóttur fjölmiðlakonu. Í lok dagskrár fyrir hádegi mætti Ragnar Þór Ingólfsson félags- og húsnæðismálaráðherra og flutti ávarp.

Dagskrá eftir hádegi hófst með umræðustofum fagdeilda þar sem rætt var um hlutverk fagdeilda innan FÍ, tækifæri og áskoranir á fagsviðinu og hvernig má efla störf fagdeilda innan félagsins. Síðan tóku við 14 samhliða málstofur/vinnusmiðjur þar sem félagsráðgjafar fjölluðu um fjölbreytt verkefni á vettvangi auk rannsókna.

Framkvæmdastjóri FÍ sá um samskipti við fjölmiðla en Ásthildur Ómarsdóttir kvikmyndagerðarkona tók upp viðtöl við formann FÍ, lykilyfirlesara, nokkra sem voru með erindi á málstofum og almenna þátttakendur. Efnið var birt á facebook síðu félagsins meðan á þinginu stóð og vikurnar á eftir og er áhorf komið í um 30.000 sem er margfalt meira en fyrri þing. Þingið náði talsverðri athygli fjölmiðla sérstaklega Ríkisútvarpsins þar sem viðtöl voru tekin við nokkra fyrirlesara. Niðurstöður könnunar siðanefndar fékk verðskuldaða athygli og var m.a. viðtal við formann félagsins og fulltrúa siðanefndar í fréttatíma sjónvarps.

Stjórn FÍ ákvað að þátttakendur á þinginu fengju að gjöf hleðslubanka með logo félagsins.

Málþing og morgunverðarfundir

Málþing var haldið 18. nóvember 2025 á Grand hótél Reykjavík í samstarfi við fagdeild félagsráðgjafa í fjölmenningu. Yfirskrift málþingsins var *Heimurinn er hér: Samfélag í mótun – Hvert stefnum við?* og fundarstjóri María Björk Ingvadóttir framkvæmdastjóri FÍ. Alls voru 50 þátttakendur á staðnum og 25 tölvur tengdar við streymi þar sem margir vinnustaðir sameinuðust við eina tölvu. Upptaka af fundinum er aðgengileg og komin 88 áhorf.

- Steinunn Bergmann formaður FÍ var með opunarávarp
- Áshildur Linnet, sérfræðingur í Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu var með erindið *Að róa í sömu átt – að hlusta á raddir samfélagsins*
- Eva Bjarnadóttir, teymisstjóri hjá UNICEF var með erindið *Barn er fyrst og fremst barn – Um mannréttindi barna á flóttu*
- Anna Katarzyna Wozniczka verkefnastjóri í málefnum flóttafólks í Árborg og Lena Rut Guðmundsdóttir sérfræðingur í málefnum flóttafólks í Árborg voru með erindið *Vitundarvakning um málefni flóttafólks í nærsamfélagi*
- Sema Erla Serdaroglu, aðjúntkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands var með erindið *„Farðu heim til þín“: Hvað eru menningarfordómar og hvernig birtast þeir?*

- Edda Ólafsdóttur félagsráðgjafi og sérfræðingur í málefnum innflytjenda og flóttafólks var með hugleiðingu að loknum löngum starfsferli *Félagsráðgjafar án landamæra; fjölmennig, fagmennska, þróun og samfélagsbreytingar*
- Endað var á pallborði með fyrirlesurum undir stjórn Maríu Bjarkar Ingvadóttur framkvæmastjóra FÍ

Í lok málfingsins færði fagdeildin Eddu Ólafsdóttur blómvönd og þakkaði henni óeigingjarnt starf í þágu málaflokksins.

Aðventufundur félagsins var 10. desember 2025 á Grand hótél Reykjavík á alþjóða mannréttindadaginn. Fundurinn var haldin í samvinnu við fagdeildir félagsráðgjafa í félagsþjónustu. Yfirskrift fundarins var *Mannréttindi byrja heima*. Fundarstjórar voru Steinunn Bergmann formaður FÍ og María Björk Ingvadóttir framkvæmdastjóri FÍ. Alls voru 50 þátttakendur á staðnum og margir fylgdust með streymi en upptaka af fundinum er aðgengileg og komin 88 áhorf.

- Steinunn Bergmann formaður FÍ opnaði fundinn
- Aðalbjörg Jóhanna Bárudóttir, félagsráðgjafi og teymisstjóri í deild virkni og ráðgjafar á Vesturmiðstöð og talskona fagráðs fagdeildar félagsráðgjafa í félagsþjónustu var með erindið *Ótryggjar húsnæðisaðstæður, ótrygg framtíð: Reynsla félagsráðgjafa af því að styðja fólk sem býr við húsnæðisöryggi*
- Egill Guðlaugsson sérfræðingur lána og stofnframlaga hjá HMS og Kristín Amalía Líndal hagfræðingur hjá HMS voru með erindið *Húsnæðisöryggi: Staða leigjenda og úrræði HMS*
- Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu – Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins var með erindið *Þak yfir höfuðið: Mannréttindi eða forréttindi? Staða fólks á íslenskum húsnæðismarkaði*
- Linda Dröfn Gunnarsdóttir framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins var með erindið *Kvennaathvarfið – og hvað svo? Húsnæðismál kvenna sem flýja þurfa ofbeldi*
- Ólöf Karitas Þrastardóttir og Elín Klara Bender félagsráðgjafar á Austurmiðstöð voru með erindið *Ellan húsnæðis- og stuðningsúrræði fyrir einstæða foreldra*
- Erla Björg Sigurðardóttir félagsráðgjafi, forstöðukona þúfunnar og lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands var með erindið *Þúfan áfangaheimili fyrir konur – áskoranir í húsnæðismálum fólks með fíknivanda*
- Endað var á pallorði með þátttöku fyrirlesara undir stjórn Maríu Bjarkar Ingvadóttur framkvæmdastjóra FÍ

Málstofur og aðrir viðburðir

Þann 8. maí 2025 stóð félagið að málstofu í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ um stöðu fólks með vímuefnaröskun. Fyrirlesarar voru Erla Björg Sigurðardóttir lektor í félagsráðgjöf og framkvæmdastýra áfangaheimilis fyrir konur, Helena Gísladóttir dagskrárstjóri meðferðar Krýsuvíkursamtakana og Sara Karlsdóttir áfengis- og vímuefnaráðgjafi og dagskrárstjóri meðferðar hjá Samhjálp.

Þann 4. júní voru sömu aðilar með málstofu um norræna rannsókn á heimilisleysi þeirra sem hafa verið vistuð utan heimilis, fyrirlesarar voru Freydis Jóna Freysteinsdóttir prófessor og Eva Dögg Sigurðardóttir lektor báðar við Félagsráðgjafardeild HÍ.

Þátttaka formanns og framkvæmdastjóra FÍ á ýmsum viðburðum

- Formaður tók þátt í kröfugöngu 1. maí 2025 ásamt BHM líkt og fyrri ár.

- Formaður sótti námskeið Tryggingastofnunar um nýtt örorkumatskerfi dagana 22. og 23. maí 2025.
- Formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í afmælisráðstefnu Jafnréttisstofu á Akureyri 15. september 2025.
- Formaður sótti Nýsköpunarráðstefnu heilbrigðisráðuneytis og háskólamálaráðuneytis í Grósku 1. október 2025.
- Formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í viðburðum á vegu BHM vegna Kvennaverksfalls 24. október 2025.
- Formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í Heilbrigðisþingi 20. nóvember 2025 á Hótel Reykjavík Nordica sem að þessu sinni bar yfirskriftina *Endurhæfing leiðir til betra lífs*.
- Formaður mætti á Barnaþing Umboðsmanns barna í Hörpu 21. nóvember 2025.
- Formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í undirbúningsfundi landsamráðs gegn ofbeldi og afleiðingum þess í Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar 24. nóvember 2025.
- Formaður tók þátt í málþingi um fátækt í Norræna húsinu 28. nóvember 2025.
- Formaður mætti í móttöku forseta Íslands að Bessastöðum 6. janúar 2026 þar sem stjórnendum innan stjórnarsýslu og hagsmunasamtaka auk þingmanna var boðið.
- Formaður tók þátt í fundi fulltrúaráðs VIRK á Hótel Hilton 22. janúar 2026.
- Formaður tók þátt í Landsamráðsfundi gegn ofbeldi á Hótel Hilton 4. mars 2026.
- Formaður tók þátt morgunverðarfund BHM um stöðu mæðra á vinnumarkaði í Norræna húsinu 6. mars 2026.
- Formaður tók þátt í hádegisfundi Samtaka atvinnulífsins um áhrif tengingar bóta við launavísitölu á vinnumarkað og ríkisútgjöld á hótel Hilton 9. mars 2026.
- Formaður mætti á námskeið vegna innleiðingar SofS í Sjálandi Garðabæ 18. mars 2026.
- Formaður sótti málþing um ójöfnuð á Íslandi í Odda HÍ 27. mars 2026.

Samstarf við Endurmenntun HÍ

Endurmenntun býður félagsfólki FÍ afslátt af tilteknum námskeiðum í samræmi við samstarfssamning FÍ og Endurmenntunar HÍ (EHÍ) frá 2. janúar 2020.

8. Stefnumótun og vinnumhverfi

Á starfsárinu 2024-2025 ákvað stjórn að fara í stefnumótunarvinnu en fyrir liggja niðurstöður stefnumótunarvinnu frá árinu 2006 og 2018. Einnig var ákveðið að taka umræðu um vinnumhverfi félagsráðgjafa í ljósi kerfisbreytinga.

Stefnumótunardagur FÍ

Stefnumótunardagur Félagsráðgjafafélags Íslands var haldinn 11. september 2025 á hóteli Hilton Nordica og rafrænt þar sem öllu félagsfólki var boðið að taka þátt. Alls skráðu 115 þátttöku, 103 á staðinn og 12 rafrænt en alls voru 80 sem tóku þátt í deginum. Umræður voru í 11 hópum þar sem rætt var um áskoranir og tækifæri í faginu. Félagið leitaði til sérfræðinga hjá Kunnáttu ehf við framkvæmd dagsins sem þróuðu forrit til að skrá niðurstöður frá umræðum hópa jafnóðum og heildarniðurstöður voru settar fram með aðstoð gervigreindar.

Unnin var aðgerðaáætlun út frá svörum félagsfólks sem byggir á fimm megin spurningum um framtíð stéttarinnar. Þrjár meginviðdir einkenna áætlunina: Endurskoðun menntunarkerfis með áherslu á fjarnám, sérhæfingu og tengsl við starfsvettvang; Stafræn umbreyting í miðlun, þjónustu og starfi félagsins og; Efling faglegrar stöðu með áherslu á sýnileika, sérfræðipækkingu og áhrif á stefnumótun stjórnvalda. Félagsráðgjafafélag Íslands stendur á tímamótum þar sem mikil tækifæri eru til að efla stöðu félagsins og stéttarinnar í heild. Stjórn félagsins mun vinna áfram með niðurstöðurnar og forgangsraða aðgerðum.

Vinnusmiðja um vinnuumhverfi

Félagsráðgjafafélag Íslands efndi til vinnusmiðju á Alþjóðadegi félagsráðgjafar 17. mars 2026 á hóteli Hilton Nordica þar sem öllu félagsfólki var boðið að taka þátt. Alls skráðu 72 þátttöku þar af 11 rafrænt og voru 49 sem tóku þátt. Umræður voru í átta hópum þar sem rædd voru fimm lykilmálefni fagstéttarinnar í tengslum við þjónustu við börn og fjölskyldur. Félagið leitaði til sérfræðinga hjá Kunnáttu ehf við framkvæmd dagsins og var notast við forrit sem þróað var fyrir stefnumótunardag félagsins til að skrá niðurstöður frá umræðum hópa jafnóðum og heildarniðurstöður settar fram með aðstoð gervigreindar.

Greining á öllum svörum sýnir mikla samstöðu um hvað þarf að breytast og skilaboð til stjórnvalda eru skýr. Velferðarkerfi sem býður fagfólki upp á ómögulegar aðstæður getur ekki tryggt farsæld þeirra sem til þess leita. Samábyrgð allra kerfa og raunveruleg pólitísk skuldbinding í formi fjármagns er forsenda þess að íslenskt velferðarkerfi standi undir lögum og gildum samfélagsins.

Helstu áskoranir snúa að því að kerfin tala ekki saman. Takmarkað upplýsingaflæði, mismunandi tölvakerfi og skortur á stafrænum innviðum hindrar alla samþættingu, hvort sem um er að ræða farsæld barna, flóttafólk eða daglega félagsþjónustu. Stjórn vinnur áfram með niðurstöðurnar og forgangsraðar aðgerðum.

9. Tillögur og áætlanir um störf félagsins 2026-2027

Eins og skýrsla stjórnar gefur til kynna hefur Félagsráðgjafafélag Íslands staðið fyrir mörgum verkefnum á liðnu ári en mörg verkefni eru viðvarandi og verður fram haldið á komandi starfsári, svo sem kjaramál og að efla faglegra ímynd félagsráðgjafar.

Félagsráðgjafaping er orðið fastur liður í dagskrá félagsins og hefst undirbúningur fyrir þing ársins 2027 strax á vormánuðum 2026. Hótel Hilton hefur þegar verið bókað 19. febrúar 2027 fyrir næsta þing. Nefndir og deildir sem starfa innan Félagsráðgjafafélags Íslands gegna lykilhlutverki í faglegu starfi félagsins og verður lögð áhersla á að efla störf þeirra.

Kjarasamningar gilda til 31. mars 2028 og verður vinna vegna bókana almennt unnin undir forystu BHM. Vinnu á grundvelli bókana vegna vinnuumhverfis verður haldið áfram og er þróun Málavogar í félagsþjónustu liður í því. Stofnanasamningar verða endurskoðaðir og starfsmat sveitarfélaga. Lögð verður áhersla á að halda áfram með reglulega rafræna fundi

með trúnaðarmönnum sem er liður í að halda tengslum við félagsráðgjafa á vettvangi auk vinnustaðaheimsókna.

Lögð verður áhersla á að birta fréttir úr starfi félagsins og viðburði á vefsíðu þess auk þess að birta efni á samskiptamiðlum. Áfram verður lögð áhersla á að efla starfsemi fagdeilda og landshlutadeilda auk þess að heimsækja félagsráðgjafa á fjölmönnum vinnustöðum. Vinna þarf áfram með ímynd félagsráðgjafar, vinnuumhverfi og vinnuálag. Unnið verður úr niðurstöðum stefnumótunardags og vinnusmiðju og forgangsraðað fyrir aðgerðaáætlun.

Áfram verður áhersla á að taka virkan þátt í starfsemi Bandalags háskólamanna (BHM) svo sem á formannaráðsfundum, fulltrúaráðsfundum og setu í margvíslegum nefndum á vegum þess. Auk samstarfs vegna eftirfylgni vegna kjarasamninga. Félagið er hluthafi í húsfélagi BHM sem á þriðju og fjórðu hæð Borgartúns 6 en eignin hefur verið í sölufarli frá 2024.

Félagið mun fylgjast áfram með lagafrumvörpum, þingsályktunum og öðrum aðgerðum stjórnvalda sem snerta félagsráðgjöf, auk þess að fylgjast áfram með innleiðingu nýrra laga um farsæld barna. Einnig verður óskað eftir fundum með yfirmönnum í velferðarþjónustu og ráðherrum sem koma að málavíði félagsráðgjafar. Taka þarf upp samtal við VIRK vegna þjónustu sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa sem sinna meðferð og við Heilbrigðisráðuneytið vegna niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands á samtalsmeðferð félagsráðgjafa og endurskoðun reglugerðar varðandi sérfræðileyfi í félagsráðgjöf.

Þátttaka félagsins í norrænu samstarfi NSSK heldur áfram og í starfi Evrópusamtaka félagsráðgjafa (IFSW Europe) og Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW) en meirihluti stjórnar mun sækja ráðstefnu IFSW í Kenja í júní 2026 auk þess munu formaður og framkvæmdastjóri FÍ sækja fund í tengslum við ráðstefnuna.

Að endingu er félagsfólki bent á að það er velkomið að koma hugmyndum á framfæri við stjórn félagsins sem tekur þær til umfjöllunar á fundum sínum.

f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

28. apríl 2026

Steinunn Bergmann

formaður